

Reykjavík, 26. júní 2015.

Efni: Endurmenntun ársins 2014 – Áminning

Með bréfi endurskoðendaráðs, dags. 26. febrúar 2015, var yður tilkynnt að endurskoðendaráði hefðu borist upplýsingar frá Félagi löggiltra endurskoðenda, sem gæfu til kynna að þér hefðu ekki uppfyllt kröfur til endurmenntunar fyrir árið 2014. Var yður gefin kostur á að tjá yður um efni bréfsins og láta endurskoðendaráði í té nánari upplýsingar um endurmenntun yðar. Engar upplýsingar bárust ráðinu og var erindi ráðsins því ítrekað 28. apríl s.l. áður en yður var með bréfi endurskoðendaráðs, sem sent var með ábyrgðarpósti, dags. 26. maí 2015, veittur lokafrestur til 9. júní 2015 til þess að koma á framfæri við ráðið upplýsingum og/eða gögnum um endurmenntun yðar á árinu 2014. Voruð þér jafnframt minntir á það með tölvupósti 9. júní s.l. að frestur til þess að svara bréfi ráðsins frá 26. maí rynnir út þann dag.

Í bréfinu frá 26. maí 2015 kemur fram að verði þér ekki við beiðni endurskoðendaráðs um upplýsingar um endurmenntun muni ráðið líta svo á að þér hafið ekki lokið endurmenntun ársins 2014 í samræmi við reglugerð nr. 30/2011 um endurmenntun endurskoðenda og lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Tekið er fram að endurskoðendaráð muni þá beita þeim úrræðum sem ráðinu eru fengin í 17. gr. laga um endurskoðendur.

Endurskoðendaráði hafa ekki borist nein svör við framangreindu bréfi eða öðrum bréfum sem ráðið hefur sent yður vegna þessa máls. Ráðið lítur því svo á að þér hafið ekki lokið endurmenntun ársins 2014 í samræmi við framangreinda reglugerð og lög um endurskoðendur. Ber endurskoðendaráði því að beita þeim úrræðum sem ráðinu eru fengin í 17. gr. laga um endurskoðendur og gerð var grein fyrir í bréfi ráðsins til yðar, dags. 26. maí 2015.

Það er mat endurskoðendaráðs að ekki sé hægt að líta framhjá því að þér hafið ekki sinnt endurmenntun ársins 2014. Um er að ræða lögbundna skyldu sem allir löggiltir endurskoðendur verða að sæta í því skyni að viðhalda réttindum sínum. Er það því niðurstaða endurskoðendaráðs að veita skuli yður áminningu samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur sökum þess að þér hafið ekki sinnt þeirri skyldu að sækja endurmenntun líkt og löggin kveða á um. Endurskoðendaráð vekur jafnframt athygli yðar á því að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um endurskoðendur skal endurmenntun að lágmarki svara til 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili.

